

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2700/98**frá 17. desember 1998****um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ⁽¹⁾, einkum iii-lið 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 var settur sameiginlegur rammi um hagskýrslugerð bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í bandalaginu.

Nauðsynlegt er að taka upp röð skilgreininga á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja.

Fyrirhugaðar ráðstafanir eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Breyturnar sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 58/97 eru skilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Í tilvísunum í ársreikninga fyrirtækja í þessum skilgreiningum eru notaðar fyrirsagnirnar sem mælt er fyrir um í 9. gr. (efnahagsreikningur), 23. gr. (rekstrarreikningur) eða 43. gr. (skýringar með ársreikningi) tilskipunar ráðsins 78/660/EBE⁽²⁾.*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu nota þessar skilgreiningar um gögn er varða viðmiðunarárið 1999 og árin þar á eftir.

2. Aðildarríkin skulu einnig nota þessar skilgreiningar um gögn er varða viðmiðunarárin 1995, 1996, 1997 og 1998 þegar slíkt samræmist gildandi innlendum venjum.

*3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2000 frá 25. febrúar 2000 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yves-Thibault de SILGUY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á BREYTUM

Kóði: **11 11 0**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja**

Skilgreining

Fjöldi fyrirtækja, sem eru skráð á viðkomandi þýði í fyrirtækjaskrá, að leiðréttum villum, einkum skráningarvillum. Óvirkar einingar eru undanskildar. Þessar tölfræðilegu upplýsingar skulu taka til allra eininga sem eru virkar á að minnsta kosti hluta viðmiðunartímabilsins.

Kóði: **11 12 0**

Heiti: **Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja**

Skilgreining

Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja, sem eru skráð á viðkomandi þýði í fyrirtækjaskrá, að leiðréttum villum. Með nýstofnun er átt við samsetningu tiltekinna framleiðsluþátta, að því tilskildu að engin önnur fyrirtæki eigi hlut að máli. Nýstofnanir taka ekki til fjölgunar í þýðinu sem verður vegna samruna í fyrirtækjahópi eða vegna þess að hann er leystur upp, klofnar eða er endurskipulagður. Hún tekur heldur ekki til fjölgunar í undirhópi þýðis sem einungis er tilkomin vegna breytingar á starfsemi.

Tenging við aðrar breytingar

Hluti af fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: **11 13 0**

Heiti: **Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja**

Skilgreining

Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja, sem eru skráð á viðkomandi þýði í fyrirtækjaskrá, að leiðréttum villum. Með niðurlagningu er átt við að samsetning framleiðsluþátta sé leyst upp, að því tilskildu að engin önnur fyrirtæki eigi hlut að máli. Niðurlagning tekur ekki til fækkunar í þýðinu sem verður vegna samruna eða yfirtöku í fyrirtækjahópi eða vegna þess að hann er leystur upp eða endurskipulagður. Hún tekur heldur ekki til fækkunar í undirhópi þýðis sem einungis er tilkomin vegna breytingar á starfsemi.

Kóði: **11 21 0**

Heiti: **Fjöldi starfsstöðva**

Skilgreining

Fjöldi starfsstöðva, sem eru skráðar á viðkomandi þýði í fyrirtækjaskrá, að leiðréttum villum, einkum skráningarvillum. Telja verður með starfsstöðvar þó að þær hafi enga launaða starfsmenn. Þessar tölfræðilegu upplýsingar skulu taka til allra eininga sem eru virkar á að minnsta kosti hluta viðmiðunartímabilsins.

Kóði: **11 31 0**

Heiti: **Fjöldi rekstrareininga**

Skilgreining

Fjöldi rekstrareininga, sem eru skráðar á viðkomandi þýði í fyrirtækjaskrá, að leiðréttum villum, einkum skráningarvillum, eða áætlaður fjöldi þeirra ef þessi tegund einingar er ekki skráð. Þessar tölfræðilegu upplýsingar skulu taka til allra eininga sem eru virkar á að minnsta kosti hluta viðmiðunartímabilsins.

Kóði: **12 11 0**

Heiti: **Velta**

Skilgreining

Velta er sú heildarfjárhæð sem viðkomandi eining færir til reiknings á viðmiðunartímabilinu og svarar til sölu á vörum eða þjónustu til þriðju aðila.

Velta tekur til allra gjalda og skatta á vörur eða þjónustu, sem einingin færir til reiknings, að undanskildum þeim virðisaukaskatti sem einingin færir viðskiptamanni beint til reiknings og öðrum svipuðum, frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu.

Hún tekur einnig til alls annars kostnaðar (vegna flutnings, pökkunar o.s.frv.), sem fellur á viðskiptamanninn, jafnvel þótt þessi kostnaður sé talinn upp sérstaklega í reikningnum. Draga verður frá verðlækkunar, afslátt og virði umbúða sem skilað er.

Tekjur, sem í ársreikningum fyrirtækja eru flokkaðar sem aðrar rekstrartekjur, fjármunatekjur og óreglulegar tekjur, eru undanskildar frá veltu. Rekstrarstyrkir frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum Evrópusambandsins eru einnig undanskildir.

Hliðstætt heiti þessarar breytu í liðum 66.01 og 66.03 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., er „bókfærð iðgjöld alls“.

Ath.: Óbeinum sköttum má skipta í þrjá flokka:

- i) Fyrsti flokkurinn er myndaður af virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltunni beint en ekki er tekið tillit til við útreikning á henni. Fyrirtækið innheimtir þessa skatta í áföngum og neytandi vörunnar greiðir þá að fullu.
- ii) Annar flokkurinn tekur til allra annarra skatta og gjalda á vörur, sem annaðhvort 1) tengjast veltu og eru ekki frádráttarbærir eða 2) skatta á vörur sem tengjast ekki veltu. Hér eru meðtaldir skattar og gjöld á innflutning og skattar á framleiðslu, útflutning, sölu, millifærslu, kaupleigu eða afhendingu vöru eða þjónustu eða í tengslum við notkun þeirra til eigin neyslu eða eigin fjárfestingar.
- iii) Þriðji flokkurinn tekur til skatta og gjalda á framleiðslu. Um er að ræða lögboðnar, einhliða greiðslur í fé eða friðu sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á framleiðslu og innflutning á vörum og þjónustu, ráðningu vinnuafis, eignar- eða afnotarétt af lóðum, byggingum eða öðrum eignum sem notaðar eru við framleiðslu, án tillits til magns eða virðis eignanna og þjónustunnar sem framleiddar eru eða seldar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Velta, eins og hún er skilgreind hér að framan til hagskýrslunota, tekur til fyrirsagnarinnar *hrein velta* í ársreikningum.

Tenging við aðrar breytur

- Velta er notuð við útreikninga á *framleiðsluverðmæti* (12 12 0) og öðrum samtölum og jöfnuði,
- Veltu má sundurliða eftir starfsemi: *Velta af i) aðalstarfsemi, ii) iðnaði, iii) viðskiptum vegna kaupa og sölu, iv) milliliðastarfsemi, v) annarri þjónustu* (18 11 0 til 18 15 0),
- Veltu má sundurliða eftir vörutegundum: *Sundurliðun veltu eftir vörutegundum* (18 21 0),
- Veltu má sundurliða eftir tegund viðskiptavina: *Hundraðshluti veltu eftir i) smásölum* (25 11 1), ii) *viðskiptamönnum í atvinnulífínu* (25 11 2), iii) *neytendum* (25 11 3).

Kóði: **12 12 0**

Heiti: **Framleiðsluverðmæti**

Skilgreining

Framleiðsluverðmæti gefur til kynna hversu mikið einingin framleiðir í raun og veru með því að taka tillit til sölu og einnig breytinga á birgðum og endursölu á vörum og þjónustu.

Framleiðsluverðmæti er skilgreint sem velta, að viðbættum eða fráðregnum breytingum á birgðum af fullnum vörum, vörum í vinnslu og vörum og þjónustu sem keypt eru til endursölu, að fráðregnum kaupum á vörum og þjónustu til endursölu, að viðbætri framleiðslu sem færð er til eignar, að viðbættum öðrum

rekstrartekjum (að styrkjum undanskildum). Tekjur og útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunatekjur og –gjöld eða óreglulegar tekjur og óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja eru undanskilin framleiðsluverðmæti. Kaup á vörum og þjónustu til endursölu taka til kaupa á þjónustu í því skyni að láta hana þriðja aðila í té í óbreyttu ástandi.

Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir liði 66.01 og 66.03 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Ath.: Framleiðsla sem færð er til eignar tekur til sjálfsþurftaframleiðslu á öllum vörum sem framleiðendur halda eftir sem fjárfestingu. Hin síðarnefnda tekur jafnt til framleiðslu efnislegra fastafjármuna (bygginga o.s.frv.) sem óefnislegra fjármuna (hugbúnaðarþróunar o.s.frv.). Framleiðsla sem færð er til eignar er óseld framleiðsla og er metin á framleiðsluverði. Athugið að slíkar fjárfestingarvörur skal einnig telja með fjárfestingum.

Ath.: Aðrar rekstrartekjur er fyrirsögn í ársreikningum fyrirtækja. Það sem fellur undir þessa fyrirsögn kann að vera breytilegt frá einum geira til annars og frá einu tímabili til annars og því er ekki hægt að skilgreina hana nákvæmlega til hagskýrslunota.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja:

Þættir framleiðsluverðmætis heyrar undir eftirfarandi fyrirsagnir ársreikninga:

- *hrein velta,*
- *hluti af öðrum rekstrartekjum – að styrkjum undanskildum,*
- *breytingar á birgðum fullunninna vara og vörum í vinnslu, hluti af hráefnum og hjálparefnum tengdum kaupum og breytingum á birgðum af vörum til endursölu,*
- *verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært til eignar.*

Tenging við aðrar breytur

Framleiðsluverðmæti byggist á:

Veltu (12 11 0),

+/- *breytingum á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir* (13 21 3),

+/- *breytingum á birgðum af vöru og þjónustu sem keyptar voru til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 21 1),

- *kaupum á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0),

+ *framleiðslu sem færð er til eignar,*

+ *öðrum rekstrartekjum (að styrkjum undanskildum).*

— *Framleiðsluverðmæti er notað við útreikninga á vinnsluvirði á þáttaverði* (12 15 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: **12 13 0**

Heiti: **Brúttóhagnaður af vörum til endursölu**

Skilgreining

Samsvarar hagnaði af kaupum og endursölu á vörum án frekari vinnslu þeirra. Hann er reiknaður á grundvelli veltu, kaupa og breytinga á birgðum af vöru og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi.

Innifalið í veltu, kaupum og breytingum á birgðum af vöru og þjónustu til endursölu eru sala, kaup og breytingar á birgðum af þjónustu sem keypt er í því skyni að láta hana þriðja aðila í té í óbreyttu ástandi.

Einnig kallaður brúttóhagnaður af verslun.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Þessar tölur má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þær eru hluti af *hreinni veltu* og *hráefnum og hjálparefnum*.

Tenging við aðrar breytingur

Brúttóhagnaður af vörum til endursölu byggist á:

Veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu (18 13 0),

- *kaupum á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0),*

+/- *breytingum á birgðum af vöru og þjónustu sem var keypt til endursölu í óbreyttu ástandi (13 21 1),*

— *Brúttóhagnaður af vörum til endursölu er hluti af framleiðsluverðmæti (12 12 0).*

Kóði: **12 14 0**

Heiti: **Vinnsluvirði á grunnverði**

Skilgreining

Vinnsluvirði á grunnverði er reiknað af framleiðsluverðmæti að viðbættum vörutengdum styrkjum að frádregnum kaupum á vörum og þjónustu (öðrum en þeim sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi) að viðbættum eða frádregnum breytingum á birgðum af hráefnum og hjálparefnum, að frádregnum öðrum sköttum á vörur, sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarþærir. Það sýnir virðisaukann vegna margvíslegra aðfangabátta í rekstri viðkomandi einingar.

Tekjur og útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunatekjur og –gjöld eða óreglulegar tekjur og óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja eru undanskilin vinnsluvirðinu.

Vinnsluvirði á grunnverði er reiknað „brúttó“ þar sem endurmat (svo sem vegna afskrifta) er ekki dregið frá.

Ath.: Rekstrarstyrkjum má skipta í tvo flokka:

- i) Vörutengdir styrkir eru styrkir sem greiddir eru á hverja einingu vöru eða þjónustu. Styrkurinn kann að vera tiltekin fjárhæð á hverja einingu vöru eða þjónustu eða verðmæti hans reiknað sem tiltekið hlutfall af einingarverði. Vörutengdur styrkur kemur yfirleitt til greiðslu þegar vara eða þjónusta er framleidd, seld eða flutt inn en kann einnig að koma til greiðslu undir öðrum kringumstæðum, svo sem við millifærslu, kaupleigu, afhendingu eða notkun vörunnar til eigin neyslu eða eigin fjárfestingar.
- ii) Framleiðslustyrkir eru styrkir, sem veittir eru einingu, sem ekki tengjast magni eða virði varanna sem framleiddar eru eða seldar. Þessir styrkir taka einkum til styrkja er tengjast launum og vinnuafli, styrkja til umhverfisverndar og til greiðslu vaxtabóta.

Fjárfestingarstyrkir eru undanskildir. Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir liði 66.01 og 66.03 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Ath.: Óbeinum sköttum má skipta í þrjá flokka:

- i) Fyrsti flokkurinn er myndaður af virðisaukaskatti og öðrum frádráttarþærum sköttum sem tengjast veltunni beint en ekki er tekið tillit til við útreikning á henni. Fyrirtækið innheimtir þessa skatta í áföngum og neytandi vörunnar greiðir þá að fullu.
- ii) Annar flokkurinn tekur til allra annarra skatta og gjalda á vörur, sem annaðhvort 1) tengjast veltu og eru ekki frádráttarþærir eða 2) skatta á vörur sem tengjast ekki veltu. Hér eru meðtaldir skattar og gjöld á innflutning og skattar á framleiðslu, útflutning, sölu, millifærslu, kaupleigu eða afhendingu vöru og þjónustu eða í tengslum við notkun þeirra til eigin neyslu eða eigin fjárfestingar.
- iii) Þriðji flokkurinn tekur til skatta og gjalda á framleiðslu. Um er að ræða lögboðnar, einhliða greiðslur í fé eða fríðu sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á framleiðslu og innflutning á vörum og þjónustu, ráðningu vinnuafli, eignar- eða afnotarétt af lóðum, byggingum eða öðrum eignum sem notaðar eru við framleiðslu, án tillits til magns eða virðis eignanna og þjónustunnar sem framleiddar eru eða seldar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Vinnsluvirði á grunnverði má reikna á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna ársreikninga:

— *hreinnar veltu,*

— *breytinga á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu,*

— *verks unnu af fyrirtæki í eigin þágu og færðu til eignar,*

- *hráefna og hjálparefna,*
- *annarra ytri gjalda,*
- hluta *annarra rekstrargjalda* — að undanskildum gjöldum og sköttum tengdum framleiðslu,
- hluta *annarra rekstrartekna* — að undanskildum rekstrarstyrkjum tengdum framleiðslu.

Tenging við aðrar breytur

Vinnsluvirði á grunnverði byggist á:

Veltu (12 11 0),

- *heildarkaupum á vörum og þjónustu* (13 11 0),

+/- *breytingum á birgðum af vöru og þjónustu* (13 21 0),

+ framleiðslu sem færð er til eignar,

+ öðrum rekstrartekjum (að framleiðslustyrkjum undanskildum),

- öðrum sköttum á vörur sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærir.

Kóði: **12 15 0**

Heiti: **Vinnsluvirði á þáttaverði**

Skilgreining

Vinnsluvirði á þáttaverði er brúttótekjur af rekstrarstarfsemi að teknu tilliti til rekstrarstyrkja og óbeinna skatta.

Hann má reikna á grundvelli veltu, að viðbættri framleiðslu sem færð er til eignar, að viðbættum öðrum rekstrartekjum, að viðbættum eða fráðregnum breytingum á birgðum, að fráðregnum kaupum á vörum og þjónustu, að fráðregnum öðrum sköttum á vöru sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærir, að fráðregnum gjöldum og sköttum tengdum framleiðslu. Einnig má reikna hann á grundvelli vergs rekstrarafgangs með því að bæta við starfsmannakostnaði.

Tekjur og útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunatekjur og -gjöld eða óreglulegar tekjur og óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja eru undanskilin virðisauka.

Vinnsluvirði á þáttaverði er reiknað „brúttó“ þar sem endurmat (svo sem vegna afskrifta) er ekki dregið frá.

Ath.: Óbeinum sköttum má skipta í þrjá flokka:

- i) Fyrsti flokkurinn er myndaður af virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltunni beint en ekki er tekið tillit til við útreikning á henni. Fyrirtækið innheimtir þessa skatta á áföngum og neytandi vörunnar greiðir þá að fullu.
- ii) Annar flokkurinn tekur til allra annarra skatta og gjalda á vörur, sem annaðhvort 1) tengjast veltu og eru ekki frádráttarbærir eða 2) skatta á vörur sem tengjast ekki veltu. Hér eru meðtaldir skattar og gjöld á innflutning og skattar á framleiðslu, útflutning, sölu, millifærslu, kaupleigu eða afhendingu vöru og þjónustu eða í tengslum við notkun þeirra til eigin neyslu eða eigin fjárfestingar.
- iii) Þriðji flokkurinn tekur til skatta og gjalda á framleiðslu. Um er að ræða lögboðnar, einhliða greiðslur í fé eða friðu sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á framleiðslu og innflutning á vörum og þjónustu, ráðningu vinnuafis, eignar- eða afnotarétt af lóðum, byggingum eða öðrum eignum sem notaðar eru við framleiðslu, án tillits til magns eða virðis eignanna og þjónustunnar sem framleiddar eru eða seldar.

Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir liði 66.01 og 66.03 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Vinnsluvirði á þáttaverði má reikna beint á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna ársreikninga:

— *hreinnar veltu,*

— *breytinga á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu,*

— *verks unnu af fyrirtæki í eigin þágu og færðu til eignar,*

— *hráefna og hjálparefna,*

- *annarra ytri gjalda,*
- *annarra rekstrargjalda,*
- *annarra rekstrartekna.*

Tenging við aðrar breytur

Vinnsluvirði á þáttaverði byggist á:

Veltu (12 11 0),

+/- breytingum á birgðum af vöru og þjónustu (13 21 0),

+ framleiðslu sem færð er til eignar,

+ öðrum rekstrartekjum,

- kaupum á vörum og þjónustu (13 11 0),

- öðrum sköttum á vörur sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærir,

- gjöldum og sköttum tengdum framleiðslu.

— Vinnsluvirði á þáttaverði er notað við útreikning á *vergum rekstrarafgangi* (12 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: **12 17 0**

Heiti: **Vergur rekstrarafgangur**

Skilgreining

Vergur rekstrarafgangur er tekjur umfram gjöld af rekstrarstarfsemi, að fráðregnum kostnaði vegna vinnuafis. Hann má reikna á grundvelli vinnsluvirðis á þáttaverði að fráðregnum starfsmannakostnaði. Hann er mismunurinn sem einingin hefur til umráða til að greiða þeim til baka sem hafa lagt til eigið fé og lán til að greiða skatta og standa straum af fjárfestingum sínum eða hluta þeirra.

Tekjur og útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunatekjur og –gjöld eða óreglulegar tekjur eða óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja eru undanskilin vergum rekstrarafgangi.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Vergan rekstrarafgangur má reikna á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna ársreikninga:

- *hreinnar veltu,*
- *breytinga á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu,*
- *verks unnu af fyrirtæki í eigin þágu og færðu til eignar,*
- *hráefna og hjálparefna,*
- *annarra ytri gjalda,*
- *annarra rekstrargjalda,*
- *annarra rekstrartekna,*
- *kostnaðar vegna starfsfólks.*

Tenging við aðrar breytur

Vergur rekstrarafgangur byggist á:

Vinnsluvirði á þáttaverði (12 15 0)

- starfsmannakostnaði (13 31 0).

Kóði: **13 11 0**

Heiti: **Heildarkaup á vörum og þjónustu**

Skilgreining

Kaup á vörum og þjónustu taka til virðis allra vara og þjónustu sem keyptar eru á uppgjörstímabilinu til endursölu eða notkunar við framleiðsluferlið, að undanskildum fjárfestingarvörum, en notkun þeirra er skráð

sem fjármunanoftkun. Vörurnar og þjónustan, sem um ræðir, kunna annaðhvort að vera endurseldar, í breyttu eða óbreyttu ástandi, nýttar til fulls í framleiðsluferlinu eða bókfærðar sem birgðir.

Þessi kaup taka til efna sem notuð eru beint við framleiðslu varanna (hráefna, aðfanga, íhluta), auk smærri verkfæra og búnaðar, sem ekki eru færð til eignar. Þau taka einnig til virðis hjálparefna (smuroliu, vatns, umbúða, efna til viðhalds og viðgerða, skrifstofuvara) auk orkugjafa. Kaup einingarinnar á efnunum til framleiðslu fjárfestingarvara eru innifalin í þessari breytu.

Þjónusta, sem greitt er fyrir á viðmiðunartímabilinu, er einnig innifalin, án tillits til þess hvort hún er tengd iðnaði eða ekki. Einnig eru innifaldar greiðslur fyrir alla vinnu sem þriðju aðilar inna af hendi fyrir hönd einingarinnar, þar á meðal daglegar viðgerðir og viðhald, vinna við uppsetningar og tæknikannanir. Fjárhæðir sem greiddar eru fyrir uppsetningu fjárfestingarvara og virði fjárfestingarvara eru undanskildar.

Einnig eru innifaldar greiðslur, sem inntar eru af hendi fyrir þjónustu sem ekki er tengd iðnaði, svo sem greiðslur til lögfræðinga og endurskoðenda, einkaleyfi og leyfisgjöld (þar sem þau eru ekki færð til eignar), iðgjöld, kostnaður við hluthafa- og stjórnarfundir, framlag til viðskiptasamtaka og fagfélaga, póstburðargjöld og kostnaður af síma, rafrænum samskiptum, ritsíma og bréfasíma, vöruflutningar og flutningar á starfsfólki, auglýsingakostnaður, umboðslaun (þar sem þau eru ekki innifalin í launum), leiga, bankakostnaður (að undanskildum vaxtagreiðslum) og öll önnur viðskiptaþjónusta sem þriðju aðilar láta í té. Einnig er innifalin þjónusta, sem breytt er og færð til eignar af einingunni sem framleiðsla sem færð er til eignar.

Útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunagjöld eða óregluleg útgjöld í ársreikningum fyrirtækja eru undanskilin heildarkaupum á vörum og þjónustu.

Kaup á vörum og þjónustu eru metin á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu.

Allir aðrir skattar og gjöld á vörurnar eru því ekki dregin frá mati á kaupum á vörum og þjónustu. Meðferð skatta á framleiðslu skiptir ekki máli fyrir mat á þessum kaupum.

Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir liði 66.01 og 66.03 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Heildarkaup á vörum og þjónustu má reikna á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna ársreikninga:

- *hráefna og hjálparefna* (áður en gerð er grein fyrir breytingum á birgðum af vöru og þjónustu),
- *annarra ytri gjalda* (áður en gerð er grein fyrir breytingum á birgðum af vöru og þjónustu),
- *hluta af öðrum rekstrarkostnaði*, þ.e. þess hluta sem varðar greiðslur fyrir vörur og þjónustu sem ekki heyra undir fyrirsagnirnar tvær hér á undan (hráefni og hjálparefni og önnur ytri gjöld). Sá hluti sem varðar greiðslu skatta á framleiðslu er ekki meðtalinn hér.

Tenging við aðrar breytur

Heildarkaup á vörum og þjónustu eru notuð við útreikning vinnsluvirðis á þáttaverði (12 15 0) og annarra samtalna og jöfnuða.

Margir liðir sem heyra undir heildarkaup á vörum og þjónustu eru teknir fram sérstaklega,

- *kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0),
- *rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði* (13 41 0), *sölu-kostnaður* (13 42 0), *annar rekstrarkostnaður* (13 43 0). Athugið að þegar þessar þrjár breytur eru tengdar við breytuna 13 12 0 hér að framan eru þær nákvæm sundurliðun á heildarkaupum á vörum og þjónustu fyrir fyrirtæki sem reka heildverslun og smásöluverslun,
- *greiðslur til afleysingafólks* (13 13 1),
- *greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum* (13 41 1),
- *kaup á orkugjöfum* (20 11 0 og 20 21 0 til 20 31 0),
- *hundraðshluti kaupa frá heildsölum og innkaupahringjum* (25 21 1) og *hundraðshluti kaupa frá framleiðendum* (25 21 2).

Kóði: **13 12 0**

Heiti: **Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi**

Skilgreining

Kaup til endursölu eru kaup á vörum með það að markmiði að selja þær aftur þriðju aðilum án frekari vinnslu. Þau taka einnig til kaupa á þjónustu þjónustufyrirtækja, þ.e. fyrirtækja þar sem velta samanstendur ekki aðeins af umboðspóknun sem innheimt er fyrir veitta þjónustu (svo sem hjá fasteignasölum) heldur einnig fjárhæðinni sem er í raun hluti af þjónustunni, svo sem farmiðakaupum ferðaskrifstofa. Virði vara og þjónustu, sem eru seldar þriðju aðilum gegn umboðslaunum, er undanskilið þar eð umboðsmaðurinn, sem fær umboðslaunin, kaupir hvorki né selur þessar vörur.

Með þjónustu til endursölu er hér átt við afurð þjónustustarfsemi, rétt til að nota tiltekna þjónustu eða búnað til nota í tengslum við þjónustu. Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi eru metin á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu. Allir aðrir skattar og gjöld á vörur eru því ekki dregnir frá mati á kaupum á vörum og þjónustu.

Meðferð skatta á framleiðslu á ekki við um mat á þessum kaupum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af:

- *hráefnum og hjálparefnum,*
- *öðrum ytri gjöldum,*
- *öðrum rekstrargjöldum.*

Tenging við aðrar breytur

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi eru notuð við útreikninga á *brúttóhagnaði af vörum til endursölu* (12 13 0), *framleiðsluverðmæti* (12 12 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: **13 13 1**

Heiti: **Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks**

Skilgreining

Í þessari tölu felast greiðslur til vinnumiðlana og svipaðra stofnana fyrir að hafa milligöngu um ráðningu starfsfólks. Hún tekur einungis til þeirra greiðslna fyrir milligöngu um ráðningu starfsfólks sem ekki eru bundnar við tiltekna iðnaðartengda þjónustu eða aðra þjónustu sem ekki er tengd iðnaði.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þær eru hluti af *öðrum ytri gjöldum* og *öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: **13 21 0**

Heiti: **Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu**

Skilgreining

Breytingar á birgðum (jákvæðar eða neikvæðar) eru mismunurinn á virði birgða í lok viðmiðunartímabils og í byrjun þess. Birgðabreytingar má mæla eftir virði þess sem skráð er sem aukning á verðmæti birgða, að frádregnu því sem skráð er úr birgðum og virði hvers tjóns sem verður á vörubirgðum. Birgðir eru skráðar á innkaupsverði án virðisaukaskatts ef þær eru keyptar af annarri einingu, annars á framleiðsluverði.

Birgðir (og breytingar á birgðum) má sundurliða á eftirfarandi hátt:

- birgðir af fullnum vörum,
- birgðir af vörum í vinnslu,
- birgðir af vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi,
- birgðir af hráefnum og hjálparefnum.

Til þessara birgða teljast birgðir af fullnum vörum eða vörum í vinnslu sem einingin hefur framleitt og hafa enn ekki verið seldar. Þessar vörur taka til vara í vinnslu sem tilheyra einingunni, jafnvel þótt þriðji aðili hafi viðkomandi vörur undir höndum. Á sama hátt eru vörur, sem einingin hefur undir höndum en sem tilheyra þriðju aðilum, undanskildar.

Til þessara birgða teljast vörur og þjónusta sem keyptar eru gagnert til endursölu í óbreyttu ástandi. Undanskildar eru birgðir af vörum og þjónustu sem látnar eru þriðju aðilum í té gegn umboðslaunum. Vörur, sem þjónustufyrirtæki kaupa til endursölu og bókfæra sem birgðir, geta verið hvort heldur sem er vörur (atvinnutæki, þegar um er að ræða samninga um gerð mannvirkja sem eru tilbúin til afhendingar, byggingar, þegar um er að ræða endurbætur á fasteignum o.s.frv.) eða þjónusta (réttur til að nota auglýsingarými, flutninga, gístiaðstöðu o.s.frv.).

Með þjónustu, sem bókfærð er sem birgðir, er átt við afurð þjónustustarfsemi, rétt til að nota tiltekna þjónustu eða búnað til nota í tengslum við þjónustu.

Þessi breyta tekur einnig til birgða af hráefnum og hjálparefnum, aðfanga, ihluta, orkugjafa og smærri verkfæra og þjónustu, sem ekki eru færð til eignar, sem tilheyra einingunni.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu má reikna á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna:

- *breytinga á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu,*
- *hluta af hráefnum og hjálparefnum,*
- *hluta af öðrum ytri gjöldum,*
- *hluta af öðrum rekstrargjöldum.*

Tenging við aðrar breytur

- Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu eru notaðar við útreikning á *vinnsluvirði á grunnverði* (12 14 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.
- Breytingar á vörum og þjónustu má sundurliða eftir tegundum birgða: i) *Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 21 1), ii) *Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir* (13 21 3) og iii) *Breytingar á birgðum af hráefnum og hjálparefnum.*

Kóði: **13 21 1**

Heiti: **Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi**

Skilgreining

Þessi breyta er skilgreind sem breytingar á birgðum á innkaupsverði án virðisaukaskatts milli loka viðmiðunartímabils og upphafs þess. Birgðabreytingar má mæla eftir virði þess sem skráð er sem aukning á verðmæti birgða af vörum sem keyptar eru til endursölu, að frádrögnum því sem skráð er úr birgðum og virði hvers kyns tjóns sem verður á vörubirgðum.

Til þessara birgða teljast birgðir af vörum og þjónustu sem keyptar eru gagnert til endursölu í óbreyttu ástandi. Undanskildar eru birgðir af vörum og þjónustu sem látnar eru þriðju aðilum í té gegn umboðslaunum.

Vörur, sem þjónustufyrirtæki kaupa til endursölu og bókfæra sem birgðir, geta verið hvort heldur sem er vörur (atvinnutæki, þegar um er að ræða samninga um gerð mannvirkja sem eru tilbúin til afhendingar, byggingar, þegar um er að ræða endurbætur á fasteignum o.s.frv.) eða þjónusta (réttur til að nota auglýsingarými, flutninga, gístiaðstöðu o.s.frv.).

Með þjónustu, sem bókfærð er sem birgðir, er átt við afurð þjónustustarfsemi, rétt til að nota tiltekna þjónustu eða búnað til nota í tengslum við þjónustu.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytingar á birgðum af vörum sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þær eru hluti af *hráefnum og hjálparefnum, öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

- Breytingar á birgðum af vörum sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi eru notaðar við útreikninga á *brúttóhagnaði af vörum til endursölu (12 13 0), framleiðsluverðmæti (12 12 0)* og öðrum samtölum og jöfnuði,
- hluti af *breytingum á birgðum af vöru og þjónustu (13 21 0)*.

Kóði: **13 21 3**

Heiti: **Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir**

Skilgreining

Þessi breyta er skilgreind sem breytingar á virði birgða af fullnum vörum eða vörum í vinnslu, sem einingin hefur framleitt en hafa enn ekki verið seldar, á milli fyrsta og síðasta dags viðmiðunartímabilsins.

Þessar vörur taka til vara í vinnslu sem tilheyra einingunni, jafnvel þótt þriðji aðili hafi viðkomandi vörur undir höndum. Á sama hátt eru vörur, sem einingin hefur undir höndum en sem tilheyra þriðju aðilum, undanskildar.

Birgðir eru metnar til verðs á framleiðsluverði og áður en endurmat fer fram (svo sem afskriftir).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu eru skráðar í ársreikninga fyrirtækja undir fyrirsögninni breytingar á birgðum fullunninna vara og vörum í vinnslu.

Tenging við aðrar breytur

- Breytingar á birgðum af fullnum vörum og vörum í vinnslu eru notaðar við útreikning *framleiðsluverðmætis (12 12 0)* og annarra samtalna og jöfnuða,
- hluti af *breytingum á birgðum af vöru og þjónustu (13 21 0)*.

Kóði: **13 31 0**

Heiti: **Starfsmannakostnaður**

Skilgreining

Starfsmannakostnaður er skilgreindur sem heildarlaun, í fé eða fríðu, sem vinnuveitandi greiðir starfsmönnum (jafnt fastráðnum starfsmönnum og afleysingafólki sem starfsmönnum með vinnuáðstöðu heima) fyrir vinnu sem hinir síðarnefndu hafa innt af hendi á viðmiðunartímanum. Starfsmannakostnaður tekur einnig til skatta og framlags starfsmanna til almannatrygginga, sem einingin dregur af launum þeirra, auk lögboðins og valfrjáls framlags vinnuveitanda til almannatrygginga.

Starfsmannakostnaður samanstendur af:

- launakostnaði,
- kostnaði vinnuveitanda vegna almannatrygginga.

Hann tekur til allra launa, sem greidd eru á viðmiðunartímabilinu, án tillits til þess hvort þau eru greidd fyrir vinnutíma, afrakstur eða ákvæðisvinnu, greidd reglulega eða ekki. Innifaldar eru allar óreglulegar aukagreiðslur, vinnustaða- og afkastalaunaukar, greiðslur sem launagreiðandi er ekki skyldugur að greiða, laun fyrir 13. mánuð (og svipaðir fastir kaupaukar), greiðslur til starfsmanna vegna uppsagnar, húsnæðisstyrkur, ferðastyrkur, framfærslu- og fjölskyldugreiðslur, umboðslaun, aukabókun fyrir fundarsetur, yfirvinnu, næturvinnu o.s.frv., auk skatta, framlaga til almannatrygginga og annarra fjárhæða sem starfsmönnum ber að greiða og vinnuveitendur draga af launum þeirra.

Einnig er innifalinn kostnaður vinnuveitanda vegna almannatrygginga. Þar á meðal er framlag vinnuveitanda til kerfa vegna eftirlauna, sjúkratrygginga, fæðingarorlofs, fötlunar, atvinnuleysis, vinnuslysa og vinnusjúkdóma, fjölskyldugreiðslna og annarra kerfa. Þessi kostnaður er meðtalinn án tillits til þess hvort hann er lögboðinn, í kjarasamningi, samningsbundinn eða valfrjáls.

Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks heyra ekki undir starfsmannakostnað.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Starfsmannakostnað má reikna beint á grundvelli eftirfarandi fyrirsagna ársreikninga:

— *Kostnaðar vegna starfsfólks*, sem er samtala fyrirsagnanna *launakostnaður* og *kostnaður vegna almannatrygginga*.

Tenging við aðrar breytur

Starfsmannakostnaður byggist á

launakostnaði (13 32 0),

+ *kostnaði vegna almannatrygginga* (13 33 0).

Starfsmannakostnaður er notaður við útreikning á *vergum rekstrarafgangi* (12 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: **13 32 0**

Heiti: **Launakostnaður**

Skilgreining

Launakostnaður er skilgreindur sem „heildarlaun í fê eða fríðu sem greidd eru öllum einstaklingum á launaskrá (þar með talið starfsmönnum með vinnuáðstöðu heima) fyrir unna vinnu á uppgjörstímabilinu“, án tillits til þess hvort greitt er fyrir hana með tilliti til vinnutíma, afraksturs eða ákvæðisvinnu eða þess hvort greitt er fyrir hana reglulega eða ekki.

Launakostnaður tekur til virðis hvers konar framlags til almannatrygginga, tekjuskatts o.s.frv. sem starfsmanni ber að greiða, jafnvel þótt vinnuveitandi dragi þau í raun af launum þeirra og greiði beint til almannatryggingakerfa, skattfirvalda o.s.frv. fyrir hönd starfsmannsins. Launakostnaður tekur ekki til framlags til almannatrygginga sem vinnuveitanda ber að greiða.

Launakostnaður tekur til: allra óreglulegra aukagreiðslna, kaupauka, greiðslna sem vinnuveitandi er ekki skyldugur að greiða, greiðslna fyrir 13. mánuð, biðlauna, húsnæðisstyrks, ferðastyrks, framfærslu- og fjölskyldugreiðslna, þjófjár, umboðslauna, aukabókunnar fyrir fundarsetur o.s.frv. sem starfsmenn fá, auk skatta, framlags til almannatrygginga og annarra fjárhæða sem starfsmönnum ber að greiða og vinnuveitandi dregur af launum þeirra. Launakostnaður sem vinnuveitandi heldur áfram að greiða vegna veikinda, vinnuslyss, fæðingarorlofs eða skammtímaráðningar má skrá hér eða undir kostnað vegna almannatrygginga, eftir reikningsskilavenjum einingarinnar.

Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks heyra ekki undir launakostnað.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Launakostnaður er skráður í ársreikninga fyrirtækja undir fyrirsögninni *launakostnaður*.

Tenging við aðrar breytur

Launakostnaður er notaður við útreikninga á *starfsmannakostnaði* (13 31 0).

Kóði: **13 33 0**

Heiti: **Kostnaður vegna almannatrygginga**

Skilgreining

Kostnaður vinnuveitanda vegna almannatrygginga samsvarar fjárhæð að jafnvirði framlags til almannatrygginga sem vinnuveitendum ber að greiða til að tryggja rétt starfsmanna sinna til félagslegra bóta.

Kostnaður vinnuveitanda vegna almannatrygginga tekur til framlags til kerfa vegna eftirlauna, sjúkratrygginga, fæðingarorlofs, fötlunar, atvinnuleysis, vinnuslysa og vinnusjúkdóma, fjölskyldugreiðslna og annarra kerfa.

Innifalinn er kostnaður vegna allra starfsmanna, þar á meðal þeirra sem hafa vinnuáðstöðu heima og lærlinga.

Gjöld til allra kerfa eru meðtalin án tillits til þess hvort þau eru lögboðin, í kjarasamningi, samningsbundin eða valfrjáls. Launakostnaður sem vinnuveitandi heldur áfram að greiða vegna veikinda, vinnuslyss, fæðingarorlofs eða skammtímaráðningar má skrá hér eða undir launakostnað, eftir reikningskilavenjum einingarinnar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kostnaður vegna almannatrygginga er skráður í ársreikninga fyrirtækja undir fyrirsögninni *kostnaður vegna almannatrygginga*.

Tenging við aðrar breytur

Kostnaður vegna almannatrygginga er notaður við útreikning á *starfsmannakostnaði* (13 31 0).

Kóði: **13 41 0**

Heiti: **Rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði**

Skilgreining

Rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði samanstendur af:

- kostnaði tengdum húsum, þar með talið:
 - leigu, greiðslum fyrir hita og rafmagn og viðhaldi og viðgerðum húsakosts,
 - greiðslum fyrir rekstrarleigu,
- útgjöldum tengdum búnaði, þar með talið:
 - greiðslum fyrir viðhald og viðgerðir á öllum vélum (að meðtöldum tölum og ökutækjum) og leigu,
 - greiðslum fyrir rekstrarleigu véla.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Rekstrarkostnað tengdan húsakosti og búnaði má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hann er hluti af *hráefnum og hjálparefnum, öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *heildarkaupum á vöru og þjónustu* (13 11 0).

Að því er varðar dreifingarstarfsemi (Bálfur G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) eru aðrir hlutar heildarkaupa á vörum og þjónustu sem hér segir: *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0), *sölu* (13 42 0) og *annar rekstrarkostnaður* (13 43 0).

Kóði: **13 41 1**

Heiti: **Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum**

Skilgreining

Greiðslur fyrir langtímaleigu taka til alls kostnaðar tengdum leigu á efnislegum vörum til lengri tíma en eins árs.

Rekstrarleiga er leiga, þar sem hvers kyns áhætta og umbun, sem óhjákvæmilega fylgir eignarrétti, færst ekki í reynd til leigutaka. Með rekstrarleigu öðlast leigutaki rétt til afnota af varanlegri neysluvöru í tiltekinn tíma, sem kann að vera langur eða stuttur og þarf ekki að vera ákveðinn fyrir fram. Þegar leigutímabilið rennur út, býst leigusali við því að fá vöru sína aftur í nokkurn veginn sama ástandi og þegar hann leigði hana út, að undanskildu eðlilegu sliti. Því tekur leigutímabilið hvorki til alls né stærsta hluta endingartíma vörunnar. Greiðslur fyrir rekstrarleigu á vörum taka til kostnaðar í tengslum við notkun efnislegu varanna sem einingin fær til umráða með þessum samningum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vöru má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af kaupum á vörum og þjónustu (13 11 0),

hluti af rekstrarkostnaði tengdum húsum og búnaði (13 41 0).

Kóði: **13 42 0**

Heiti: **Sölu­kostnaður**

Skilgreining

Sölu­kostnaður, sem er hluti af „kaupum á vörum og þjónustu“, samanstendur af auglýsingakostnaði, vöruflutningum, ferðakostnaði, hótulgistingu, risnu­kostnaði og öðrum kostnaði tengdum sölu vörunnar (greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks eru innifaldar).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Sölu­kostnað má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hann er hluti af *hráefnum og hjálpar­efnum, öðrum ytri gjöldum* og *öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Að því er varðar dreifingarstarfsemi (bálgur G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) eru aðrir hlutar af *heildarkaupum á vörum og þjónustu* sem hér segir: *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0), *rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði* (13 41 0) og *annar rekstrarkostnaður* (13 43 0).

Kóði: **13 43 0**

Heiti: **Annar rekstrarkostnaður**

Skilgreining

Annar rekstrarkostnaður getur til dæmis verið kostnaður vegna bókhalds, ráðgjafar, skrifstofuvara, nýráðninga, tryggingariðgjalda, flutningskostnaður starfsfólks, bankakostnaður (að undanskildum vaxtagreiðslum) og kostnaður vegna pósts og fjarskipta (sima og fjarrita).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Annar rekstrarkostnað má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hann er hluti af *hráefnum og hjálparefnum, öðrum ytri gjöldum* og *öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Að því er varðar dreifingarstarfsemi (bálgur G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) eru aðrir hlutar af *heildarkaupum á vörum og þjónustu* sem hér segir: *Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0), *rekstrarkostnaður tengdur húsum og búnaði* (13 41 0) og *sölu­kostnaður* (13 42 0).

Kóði: **15 11 0**

Heiti: **Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum**

Skilgreining

Hvers kyns fjárfesting í efnislegum vörum á viðmiðunartímabilinu. Það á jafnt við um nýjar efnislegar fjárfestingarvörur og þær sem fyrir hendi eru, hvort sem þær eru keyptar af þriðju aðilum eða framleiddar til eigin nota (þ.e. framleiðsla efnislegra fjárfestingarvara sem færð er til eignar), sem hafa lengri endingartíma en eitt ár, þar með taldar efnislegar vörur sem ekki eru framleiddar, svo sem lóðir. Viðmiðunarmörkin fyrir endingartíma vöru, sem unnt er að færa til eignar, má hækka samkvæmt reikningsskilaaðferðum fyrirtækis ef þær krefjast lengri áætlaðs endingartíma en þess sem kemur fram hér að framan, sem er eitt ár.

Allar fjárfestingar eru metnar áður en þær eru endurmetnar (þ.e.a.s. brúttó) og áður en tekjur vegna ráðstafana eru dregnar frá. Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, þ.e. að meðtöldum flutnings- og uppsetningarkostnaði, þóknunum, sköttum og öðrum kostnaði vegna eigendaskipta. Efnislegar vörur, sem eru eigin framleiðsla, eru metnar á framleiðsluverði. Undanskildar eru vörur sem aflað er með endurskipulagningu (svo sem vegna samruna fyrirtækja, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða það klofnar). Kaup á smærri verkfærum, sem ekki eru færð til eignar, eru talin með rekstrarútgjöldum.

Einnig eru með taldar allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu fjárfestingarvara.

Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn á sama hátt og virði fjárfestingarvara og rekstrarútgjöld í tengslum við fjárfestingarvörur sem eru nýttar samkvæmt leigu- og kaupleigusamningum. Fjárfestingar í óefnislegum eignum og fjáreignum eru einnig undanskildar.

Að því er varðar skráningu fjárfestinga, þar sem gerð reiknings, afhending, greiðsla og fyrsta notkun vörunnar kann að eiga sér stað á mismunandi viðmiðunartímabilum, er stungið upp á að nota eftirfarandi aðferð:

Fjárfestingar eru skráðar þegar eignarrétturinn færist til einingarinnar sem hyggst nota þær. Framleiðsla sem færð er til eignar er skráð þegar hún er framleidd. Þegar fjárfesting fer fram í nokkrum áföngum er hver hluti fjárfestingarinnar skráður á viðkomandi viðmiðunartímabili.

Vera kann að í framkvæmd sé þetta ekki mögulegt og að samkvæmt reikningsskilavenjum fyrirtækisins reynist nauðsynlegt að nálgast þessa aðferð með einhverjum eftirfarandi hætti:

- i) fjárfestingar eru skráðar á því viðmiðunartímabili þegar þær eru afhentar,
- ii) fjárfestingar eru skráðar á því viðmiðunartímabili þegar þær eru teknar inn í framleiðsluferlið,
- iii) fjárfestingar eru skráðar á því viðmiðunartímabili þegar þær eru reikningsfærðar,
- iv) fjárfestingar eru skráðar á því viðmiðunartímabili þegar þær eru greiddar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjármunamyndun er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Efnislegar eignir eru skráðar í ársreikningum fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum*.

Tenging við aðrar breytur

Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum byggist á:

Brúttófjárfestingu í lóðum (15 12 0),

+ brúttófjárfestingu í húseignum og byggingum sem til eru (15 13 0),

+ brúttófjárfestingu í byggingu og breytingu húseigna (15 14 0),

+ brúttófjárfestingu í vélum og búnaði (15 15 0).

Kóði: **15 12 0**

Heiti: **Brúttófjárfesting í lóðum**

Skilgreining

Undir þessa breytu heyra, auk lóða, nýtanleg jarðlög, skógar og vötn. Þegar keypt er lóð með byggingum á og ekki er hægt að meta til fjár hvorn þátt um sig er heildin skráð undir þessari fyrirsögn ef talið er að virði lóðarinnar sé meira en virði bygginganna. Ef byggingarnar eru taldar meira virði en lóðin er heildin skráð sem brúttófjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru (15 13 0). Hér er einnig átt við lóðir þar sem smávægilegar úrbætur hafa verið gerðar með sléttun, lagningu röra eða með gerð stiga eða vega. Undanskildar eru lóðir sem fengnar eru með endurskipulagningu (svo sem vegna samruna fyrirtækja, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða það klofnar).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Lóðir eru ekki aðgreindar í skránni yfir efnislegar eignir í ársreikningum fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum – fasteignum (lóðum og húseignum)*. Hlutann, sem tengist byggingum, skal undanskilja þessu. Sá hluti af *fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármunum í byggingu* sem tengist lóðum heyrir undir þessa breytu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **15 13 0**

Heiti: **Brúttófjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru**

Skilgreining

Fjárfestingin tekur til kostnaðar af húseignum og byggingum sem til eru og sem aflað hefur verið á viðmiðunartímabilinu. Þegar keypt er lóð með byggingum á og ekki er hægt að meta til fjár hvorn þátt um sig er heildin skráð undir þessari fyrirsögn ef talið er að virði bygginganna sé meira en virði lóðarinnar. Ef lóðin er talin meira virði en byggingarnar, sem til eru, er heildin skráð sem brúttófjárfesting í lóðum (15 12 0). Undanskilin eru kaup á nýjum byggingum sem aldrei hafa verið notaðar. Undanskildar eru húseignir og byggingar, sem til eru, sem fást með endurskipulagningu (svo sem vegna samruna fyrirtækja, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða það klofnar).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Brúttófjárfesting í húseignum og byggingum sem til eru er ekki aðgreind í skránni yfir efnislegar eignir í ársreikningum fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum – fasteignum (lóðum og húseignum)*. Hlutann, sem tengist lóðum og byggingu og breytingu húseigna, skal undanskilja þessu. Sá hluti af *fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármunum í byggingu* sem tengist húseignum og byggingum sem til eru heyrir undir þessa breytu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **15 14 0**

Heiti: **Brúttófjárfesting í byggingu og breytingu húseigna**

Skilgreining

Þessi breyta tekur til útgjalda vegna byggingar eða breytingar húseigna á viðmiðunartímabilinu. Kaup á nýjum byggingum, sem aldrei hafa verið notaðar, eru meðtalin. Undir þetta heyra einnig allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu húseignanna.

Undir þetta heyrir varanlegur búnaður, svo sem vatnsveitukerfi, miðstöðvarhitun, loftræstibúnaður, lýsing o.s.frv., ásamt byggingarkostnaði tengdum oliulindum (borun), námum í rekstri, röralögnum, háspennulínum, gaslögnum, járnbrautarsporum, hafnarmannvirkjum, vegum, brúm, tengibrúm, holræsum og öðrum úrbótum á byggingarstað. Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Brúttófjárfesting í byggingu og breytingu húseigna er ekki aðgreind í skránni yfir efnislegar eignir í ársreikningum fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum – fasteignum (lóðum og húseignum)*. Hlutann, sem tengist lóðum og húseignum og byggingum, sem til eru, skal undanskilja þessu. Sá hluti af *fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármunum í byggingu* sem tengist byggingu og breytingu húseigna heyrir undir þessa breytu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **15 15 0**
Heiti: **Brúttófjárfesting í vélum og búnaði**

Skilgreining

Þessi breyta tekur til véla (skrifstofuvéla o.s.frv.), sérstakra ökutækja sem notuð eru á athafnasvæðinu, annarra véla og búnaðar, allra ökutækja og báta, sem notuð eru utan athafnasvæðisins, þ.e. bifreiða, vöruflutningabifreiða og vörubíla auk sérstakra ökutækja af öllum gerðum, báta, járnbrautarvagna o.s.frv., sem aflað er nýrra eða notaðra á viðmiðunartímabilinu. Undanskildar eru vélar og búnaður sem aflað er með endurskipulagningu (svo sem vegna samruna fyrirtækja, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða það klofnar). Breytan tekur einnig til allra viðbóta, breytinga, úrbóta og endurnýjunar sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu þessara fjárfestingarvara. Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Brúttófjárfesting í vélum og búnaði kemur fram í skrá yfir efnislegar eignir í ársreikningum fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum – verksmiðjum og vélakosti og innréttingum og búnaði, verkfærum og áhöldum*. Sá hluti af *fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármunum í byggingu* sem tengist vélum og búnaði heyrir undir þessa breytu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **15 21 0**
Heiti: **Sala efnislegrar fjárfestingarvöru**

Skilgreining

Sala efnislegrar fjárfestingarvöru tekur til virðis efnislegra fjárfestingarvara, sem til eru, sem seldar eru þriðju aðilum. Sala efnislegrar fjárfestingarvöru er metin á verðinu sem raunverulega fæst fyrir hana (að virðisauka undanskildum), en ekki á bókfærðu verði, að frádragnum hvers kyns kostnaði sem seljanda ber að greiða vegna eigendaskiptanna. Undanskilið er endurmat og ráðstafanir sem tengjast öðru en sölu.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Sala fjárfestingarvöru er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi.

Efnisleg fjárfestingarvara vísar til eigna sem skráðar eru í ársreikninga fyrirtækja undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum*.

Kóði: **15 31 0**
Heiti: **Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu**

Skilgreining

Með fjármögnunarleigusamningi öðlast leigutaki rétt til afnota af varanlegri neysluvöru í skiptum fyrir leigugreiðslur til langs tíma sem ákveðinn er fyrirfram. Leigan telst vera fjármögnunarleiga ef hvers kyns áhætta og umbun eignarréttar færist að lögum, en ekki í raun, frá leigusala til leigutaka. Þegar um er að ræða

fjármögnunarleigu nær leigutímabilið til alls endingartíma vörunnar eða meirihluta hans. Þegar leigutímabilinu lýkur á leigutaki þess oft kost að kaupa vöruna á lágmarksverði. Hlutverk leigusalans er eingöngu fjárhagslegs eðlis.

Virðið, sem ber að skrá, samsvarar markaðsvirði vörunnar ef hún hefði verið keypt. Þetta virði kemur yfirleitt fram í samningnum eða það má meta með því að leggja saman þann hluta afborgananna sem tekur til greiðslna fyrir fjármagn. Sá hluti afborgana sem samsvarar vaxtagreiðslum er undanskilinn.

Þetta verð ber að skrá þegar varan er afhent leigutaka.

Árlegar greiðslur vegna eigna sem nýttar eru samkvæmt fjármögnunarleigu eru undanskildar. Virði varanna sem notaðar eru samkvæmt annars konar leigu en fjármögnunarleigu skal einnig vera undanskilið.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Ath.: Ekki er getið um verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu í fjórðu tilskipun. Þó er leyfilegt, samkvæmt sumum innlendum reikningsskilaaðferðum, að færa þessar vörur til eignar í efnahagsreikningi.

Tenging við aðrar breytur

Ath.: Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu er ekki hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **16 11 0**

Heiti: **Fjöldi starfsmanna**

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur sem heildarfjöldi einstaklinga sem starfa í viðkomandi einingu (að meðtöldum starfandi eigendum, félögum sem starfa reglulega í einingunni og ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu), auk einstaklinga sem vinna utan einingarinnar en tilheyra henni og fá greidd laun frá henni (þ.e. sölufulltrúar, sendlar og þeir sem annast viðgerðir og viðhald). Breytan tekur til fólks sem er fjarverandi um skamman tíma (þ.e. í sjúkraleifyfi, launuðu leyfi eða sérstöku leyfi), auk þeirra sem eru í verkfalli, en ekki þeirra sem eru fjarverandi ótímabundið. Hún tekur einnig til starfsmanna í hlutastarfi, sem samkvæmt landslögum í viðkomandi landi teljast til starfsmanna í hlutastarfi og eru á launaskrá, auk árstíðabundins vinnuafns, lærlinga og starfsmanna með vinnuáðstöðu heima sem eru á launaskrá.

Fjöldi starfsmanna tekur ekki til mannafla, sem önnur fyrirtæki sjá einingunni fyrir, einstaklinga, sem sinna viðgerðum og viðhaldi í einingunni fyrir hönd annarra fyrirtækja, eða þeirra, sem gegna lögboðinni herskyldu.

Með ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu er átt við einstaklinga sem búa með eiganda einingarinnar og starfa reglulega fyrir eininguna, en hafa ekki ráðningarsamning og fá ekki ákveðna fjárhæð fyrir þau störf sem þeir sinna. Þetta takmarkast við þá einstaklinga, sem eru ekki á launaskrá hjá annarri einingu þar sem þeir gegna sínu aðalstarfi.

Ath.: Til að tryggja samburðarhæfni gagna er nauðsynlegt að taka fram hvort sjálfboðaliðar eru taldir með undir þessari fyrirsögn eða ekki.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjöldi starfsmanna er skráður í skýringar með ársreikningi fyrirtækis (8. mgr. 43. gr.).

Tenging við aðrar breytur

Fjöldi starfsmanna má sundurliða í *fjölda launþega* (16 13 0) og ólaunaða starfsmenn.

Kóði: **16 13 0**

Heiti: **Fjöldi launþega**

Skilgreining

Fjöldi launþega er skilgreindur sem þeir einstaklingar sem vinna fyrir vinnuveitanda og hafa ráðningarsamning og fá greitt fyrir í formi launa, þóknunar, óreglulegra aukagreiðslna, ákvæðisvinnukaups eða þóknunar í fríðu.

Tengsl eru á milli vinnuveitanda og launþega þegar fyrir hendi er formlegur eða óformlegur samningur milli fyrirtækis og einstaklings, sem báðir aðilar ganga yfirleitt að af fúsum og frjálsum vilja, en samkvæmt honum vinnur einstaklingurinn fyrir fyrirtækið gegn greiðslu í fé eða fríðu.

Starfsmaður er talinn vera launþegi hjá tiltekinni einingu ef einingin greiðir honum eða henni laun, án tillits til þess hvar vinnan er innt af hendi (innan eða utan framleiðslueiningarinnar). Starfsmaður frá vinnumiðlun fyrir afleysingafólk er talinn vera launþegi vinnumiðlunarinnar en ekki einingarinnar (viðskiptamannsins) sem hann vinnur hjá.

Efirtaldir eru einkum taldir til launþega:

- starfandi eigendur á launum,
- námsmenn með formlega skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til framleiðsluferils einingarinnar gegn þóknun og/eða kennslu,
- launþegar sem eru ráðnir samkvæmt samningi, sem sérstaklega er ætlað að hvetja til ráðningar atvinnulausra einstaklinga,
- starfsmenn með vinnuaðstöðu heima, ef fyrir hendi er skilmerkilegur samningur um að starfsmaðurinn fái greidd laun fyrir vinnu sem innt er af hendi og sé á launaskrá.

Fjöldi launþega tekur til starfsmanna í hlutastarfi, árstíðabundins vinnuafls, einstaklinga í verkfalli eða í stuttu leyfi, en einstaklingar í langtímaleyfi eru undanskildir.

Fjöldi launþega tekur ekki til sjálfboðaliða.

Fjöldi launþega er reiknaður út á sama hátt og fjöldi starfsmanna, það er að segja sem fjöldi starfa, og er mældur sem ársmeðaltal.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0).

Margir flokkar launþega eru teknir fram sérstaklega:

- *Fjöldi launþega í hlutastarfi* (16 13 1)
- *Fjöldi lærlinga* (16 13 2)
- *Fjöldi starfsmanna með vinnuaðstöðu heima* (16 13 5)

Kóði: **16 13 1**

Heiti: **Fjöldi launþega í hlutastarfi**

Skilgreining

Um er að ræða hluta af fjölda launþega, sem reiknaður er á grundvelli fjölda vinnustunda á viku sem þeir fá greitt fyrir; þessi vinnustundafjöldi er metinn með hliðsjón af því sem talið er vera full vinnuvika í aðildarríkinu, í atvinnugreininni sem einingin tilheyrir eða í einingunni sjálfri.

Launþegar í hlutastarfi eru einstaklingar sem yfirleitt vinna færri vinnustundir en hefðbundið er. Þessi skilgreining tekur til allra tegunda hlutastarfs (hálf dagsstarfs, starfs einn, tvo eða þrjá daga í viku o.s.frv.). Þennan fjölda má reikna út fyrir einstök lönd, svæði, atvinnugreinar eða einingar.

Fjöldi launþega má sundurliða samkvæmt vinnustundafjölda þeirra á viku. Þessi stundafjöldi er metinn með hliðsjón af því sem talið er vera hefðbundin full vinnuvika í aðildarríkinu, á svæðinu, í atvinnugreininni eða einingunni.

Taka ber fram að þrátt fyrir að flokkurinn „launþegi í fullu starfi“ sé nokkuð einsleitur er ekki hægt að segja hið sama um flokkinn „launþegi í hlutastarfi“, því undir hann fellur allt frá 20% hefðbundins vinnustundafjölda einingarinnar, eða jafnvel minna, til 80% hefðbundins vinnustundafjölda, eða jafnvel meira.

Ómögulegt er að gera nákvæman greinarmun á hlutastarfi og fullu starfi vegna ólíkra venja innan aðildarríkja og innan atvinnugreina.

Ekki skal villst á launþegum í hlutastarfi (með færri vinnustundir en hefðbundið er) og starfsmönnum sem vinna með tímabundnum hléum eða árstíðabundið (sem kunna að vinna fulla vinnu en aðeins um stuttan, tiltekinn tíma, svo sem fólk í tímabundnu starfi, kvikmyndatökulið o.s.frv.).

Tenging við aðrar breytur

Hluti af fjölda launþega (16 13 0)

Kóði: **16 13 2**

Heiti: **Fjöldi lærlinga**

Skilgreining

Þessi breyta tekur til allra launþega sem ekki taka fullan þátt í framleiðsluferli einingarinnar vegna þess að þeir starfa samkvæmt lærlingssamningi eða vegna þess að sú staðreynd að þeir eru í starfsþjálfun skerðir verulega framleiðni þeirra.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af fjölda launþega (16 13 0)

Kóði: **16 13 5**

Heiti: **Fjöldi starfsmanna með vinnuáðstöðu heima**

Skilgreining

Starfsmenn með vinnuáðstöðu heima eru undirflokkur einstaklinga sem viðkomandi eining hefur ráðið til að stunda atvinnustarfsemi á heimili sínu. Aðeins skal tekið tillit til þeirra starfsmanna með vinnuáðstöðu heima sem eru á launaskrá viðkomandi einingar.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af fjölda launþega (16 13 0)

Kóði: **16 14 0**

Heiti: **Fjöldi heilla stöðugilda**

Skilgreining

Fjöldi launþega umreiknaður í heil stöðugildi.

Umreikna ber fjölda einstaklinga, sem vinna minna en hefðbundinn vinnustundafjöldi launþega sem er í fullu starfi allt árið, yfir í heil stöðugildi með hliðsjón af vinnutíma launþega einingarinnar, sem er í fullu starfi allt árið.

Þessi flokkur tekur til fólks sem vinnur minna en hefðbundinn vinnudag, minna en hefðbundinn vinnudagafjöldi á viku eða minna en hefðbundinn viku-/mánaðarfjöldi á ári. Umreikna skal á grundvelli fjölda unninna vinnustunda, -daga, -vikna eða -mánaða.

Tenging við aðrar breytur

Fjöldi vinnustunda launþega (16 15 0) eða fjöldi launþega í hlutastarfi (16 13 1) má nota til að umreikna fjölda launþega (16 13 0) yfir í heil stöðugildi.

Kóði: **16 15 0**
Heiti: **Fjöldi vinnustunda launþega**

Skilgreining

Heildarfjöldi vinnustunda launþega er samanlagður fjöldi vinnustunda sem launþegar hafa raunverulega unnið fyrir viðkomandi einingu á viðmiðunartímabilinu.

Þessi breyta tekur ekki til óunninna vinnustunda, sem greitt er fyrir, svo sem vegna orlofs, frídaga og sjúkraleyfis. Hún tekur heldur ekki til matarhléa eða tímans sem það tekur að ferðast milli heimilis og vinnu.

Breytan tekur til vinnustunda sem eru raunverulega unnar á hefðbundnum vinnutíma, unna vinnustunda í viðbót við þær, tíma sem fer í undirbúningsvinnu á vinnustað og tímans sem samsvarar stuttum hvíldarhléum á vinnustað.

Ef nákvæmur fjöldi vinnustunda, sem raunverulega er unninn, er óþekktur má meta hann á grundvelli fræðilegs fjölda vinnustunda og meðaltals fjarvistarstunda (vegna veikinda, barneigna o.s.frv.).

Tenging við aðrar breytur

Fjöldi vinnustunda launþega má nota við umreikning *fjölda launþega* (16 13 0) yfir í *fjölda heilla stöðugilda* (16 14 0).

Kóði: **17 32 0**
Heiti: **Fjöldi smásöluverslana**

Skilgreining

Heildarfjöldi smásöluverslana sem fyrirtækið rekur, án tillits til þess hvort þær eru í eigu þess eða teknar á leigu. Verslanir eru skilgreindar sem fast verslunarhúsnæði þar sem viðskiptavinir koma í innkaupaerindum. Smásöluverslanir flokkast undir liði 52.1–52.5 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *fjölda starfsstöðva* (11 21 0)

Kóði: **17 33 0**
Heiti: **Flokkun sölurýmis smásöluverslana**

Skilgreining

Heildarfjöldi smásöluverslana flokkaður eftir gólfrymi.

Nota ber eftirfarandi flokka:

- minna en 120 m²
- frá 120 til 399 m²
- frá 400 til 999 m²
- frá 1 000 til 2 499 m²
- frá 2 500 til 4 999 m²
- frá 5 000 til 9 999 m²
- 10 000 m² og stærra

Tenging við aðrar breytur

Þetta er sundurliðun á *fjölda smásöluverslana* (17 32 0)

Kóði: **17 33 1**

Heiti: **Sölurými**

Skilgreining

Með sölurými er átt við áætlaðan gólfllöt þess hluta athafnasvæðisins sem ætlaður er til sölu og útstillinga, þ.e.:

- heildarrými sem viðskiptavinir hafa aðgang að, að meðtöldum mátunarklefum,
- afgreiðsluborða- og gluggarými,
- rými bak við afgreiðsluborð sem notað er af afgreiðslufólki.

Sölurými tekur ekki til skrifstofa, geymslna og herbergja fyrir tilreiðslu, verkstæða, stiga, fatageymslna og annarra herbergja til almenningsnota.

Kóði: **17 34 0**

Heiti: **Fjöldi fastra markaðsbása og/eða söluborða**

Skilgreining

Breytan tekur til heildarfjölda fastra markaðsbása og/eða fastra söluborða sem fyrirtæki rekur án tillits til þess hvort þau eru í eigu þess eða tekin á leigu. Ólíkt því sem tíðkast í verslunum ganga viðskiptavinir yfirleitt ekki inn á athafnasvæði básanna/söluborðanna til að sinna innkaupum sínum. Fastir markaðsbásar/söluborð flokkast undir lið 52.62 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Kóði: **18 10 0**

Heiti: **Velta af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bála A til F í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Velta af endursölu á vörum og þjónustu, sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af iðnaðarstarfsemi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *veltu* (12 11 0)

Kóði: **18 11 0**

Heiti: **Velta af aðalstarfsemi, samkvæmt fjögurra stafa kerfi Atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.)**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af aðalstarfsemi einingarinnar. Aðalstarfsemi einingar er ákveðin samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi bandalagsins ⁽¹⁾.

Meðtalin er velta af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af aðalstarfsemi, samkvæmt fjögurra stafa kerfi Atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins, 1. endursk., má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: **18 12 0**Heiti: **Velta af iðnaði***Skilgreining*

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bálk C til F í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Meðtalin er velta af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af iðnaði má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Kóði: **18 12 1**Heiti: **Velta af iðnaðarstarfsemi að undanskilinni byggingarstarfsemi***Skilgreining*

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bálk C til E í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Meðtalin er velta af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af iðnaðarstarfsemi að undanskilinni byggingarstarfsemi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu af iðnaði (18 12 0)

Kóði: **18 12 2**Heiti: **Velta af byggingarstarfsemi***Skilgreining*

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bálk F í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Meðtalin er velta af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af byggingarstarfsemi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

*Tenging við aðrar breytur*Hluti af *veltu* (12 11 0)Hluti af *veltu af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi* (18 10 0)Hluti af *veltu af iðnaði* (18 12 0)Kóði: **18 13 0**Heiti: **Velta af viðskiptum vegna kaupa og endursölu***Skilgreining*

Sá hluti veltunnar sem myndast af verslun einingarinnar, kaupum og endursölu. Þetta samsvarar sölu á vörum sem einingin kaupir í eigin nafni og í eigin þágu og selur aftur í óbreyttu ástandi, eða eftir þá merkingu, þökkun eða innþökkun sem yfirleitt tíðkast hjá dreifingarfyrtækjum.

Endursölu af þessu tagi má sundurliða í:

- endursölu til annarra kaupmanna, viðskiptamanna í atvinnulífínu o.s.frv. (heildsölu),
- endursölu til heimila eða lítilla notenda (smásölu).

Þessi starfsemi er flokkuð í bálk G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk. (að undanskildu viðhaldi, viðgerðum og innkaupahringjum heildsala, sem selja gegn þóknun eða samkvæmt samningi, 50.2, 50.4, 51.1 og 52.7).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Velu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

*Tenging við aðrar breytur*Hluti af *veltu* (12 11 0)Kóði: **18 14 0**Heiti: **Velta af milliliðastarfsemi***Skilgreining*

Sá hluti veltunnar sem myndast af milliliðastarfsemi einingarinnar. Undir þetta falla öll umboðslaun vegna kaupa og sölu, sem gerð eru í nafni og fyrir hönd þriðju aðila, og svipuð starfsemi.

Þessi starfsemi er flokkuð í flokk 51.1 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Velu af milliliðastarfsemi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

*Tenging við aðrar breytur*Hluti af *veltu* (12 11 0)Kóði: **18 15 0**Heiti: **Velta af þjónustu***Skilgreining*

Hagnaður af allri þjónustu sem látin er í té (bankaþjónustu og þjónustu váttryggingafélaga, viðskiptaþjónustu og persónulegri þjónustu).

Þessi breyta tekur til veltu af þjónustu sem til kemur af aðal- eða aukastarfsemi; sum þjónusta kann að vera innt af hendi af atvinnueiningum. Þessi starfsemi er flokkuð í bálka H til K og M til O og einnig undir viðhalds- og viðgerðarflokkana 50.2, 50.4 og 52.7 í bálki G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af þjónustu má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: **18 16 0**

Heiti: **Velta af verslun og milliliðastarfsemi**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af viðskiptum vegna kaupa og endursölu, og af milliliðastarfsemi einingarinnar. Þetta samsvarar sölu á vörum sem einingin kaupir í eigin nafni og í eigin þágu og selur aftur í óbreyttu ástandi, eða eftir þá merkingu, pökkun eða innpökkun sem yfirleitt tíðkast hjá dreifingarfyrirtækjum, auk ýmiss konar umboðslauna vegna kaupa og sölu, sem gerð eru í nafni og fyrir hönd þriðju aðila, og svipaðri starfsemi.

Endursölu má sundurliða í :

- endursölu til annarra kaupmanna, viðskiptamanna í atvinnulífínu o.s.frv. (heildsölu),
- endursölu til heimila eða lítilla notenda (smásölu).

Þessi starfsemi er flokkuð í bálk G í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk. (að undanskildum viðhalds- og viðgerðarflokkunum 50.2, 50.4 og 52.7).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af verslun og milliliðastarfsemi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: **18 31 0**

Heiti: **Velta af byggingavinnu**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bálk F í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk. og tengist mannvirkjum sem flokkuð eru sem byggingar í flokkun á tegundum bygginga (CC).

Breytan tekur til veltu af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af byggingarvinnu má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu af iðnaði (18 12 0)

Hluti af veltu af byggingarstarfsemi (18 12 2)

Kóði: **18 32 0**

Heiti: **Velta af mannvirkjagerð**

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af starfsemi sem flokkuð er í bálk F í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., og tengist mannvirkjum sem flokkuð eru sem mannvirki í flokkun á tegundum bygginga (CC).

Breytan tekur til veltu af sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða verktakatengsl. Velta af endursölu á vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu af mannvirkjagerð má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *veltu* (12 11 0)

Hluti af *veltu af landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi* (18 10 0)

Hluti af *veltu af iðnaði* (18 12 0)

Hluti af *veltu af byggingarstarfsemi* (18 12 2)

Kóði: **20 11 0**

Heiti: **Kaup á orkugjöfum (verðmæti)**

Skilgreining

Kaup á öllum orkugjöfum á viðmiðunartímabilinu heyra undir þessa breyту svo fremi þeir séu keyptir til að nota sem eldsneyti. Orkugjafar sem keyptir eru sem hráefni eða til endursölu óbreyttir eru undanskildir. Aðeins skal gefa upp verðmæti kaupanna.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af *hráefnum og hjálparefnum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *heildarkaupum á vörum og þjónustu* (13 11 0)

Kóði: **20 21 0 til 20 31 0**

Heiti: **Orkukaup eftir orkugjöfum**

- Kaup á steinkolum
- Kaup á koxsi
- Kaup á eldsneytisköggjum
- Kaup á gasolíu
- Kaup á svartolíu
- Kaup á öðrum olíuvörum
- Kaup á jarðgasi
- Kaup á afleiðugasi
- Kaup á endurnýjanlegum orkugjöfum
- Kaup á hita
- Kaup á rafmagni.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á einstökum orkugjöfum má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þau eru hluti af *hráefnum og hjálparefnum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *kaupum á orkugjöfum* (20 11 0)

Kóði: **21 11 0**

Heiti: **Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum útblásturshreinsibúnaði)**

Skilgreining

Fjárfestingarkostnaður vegna aðgerða og starfsemi sem hafa að meginmarkmiði að koma í veg fyrir, minnka og útrýma mengun og annarri hnignun umhverfisins.

Aðgerðir og starfsemi sem hafa góð áhrif á umhverfið en heyra ekki undir umhverfisvernd eru undanskildar. Því er undanskilin þessu sviði starfsemi sem, jafnvel þótt hún sé hagstæð umhverfinu, fullnægir fyrst og fremst tæknilegum þörfum eða innri kröfum fyrirtækisins um öryggi og hollustuhætti. Þessi takmörkun gildir í flestum tilvikum um endurvinnslustarfsemi sem flokkuð er undir 37.00 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (endurvinnsla). Ekki skal bæta gögnum, sem tekin eru saman um þessa atvinnugrein, undir aðrar fyrirsagnir atvinnugreinaflokkunarinnar (sjá flokkun umhverfisverndarstarfs Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu/Hagstofu Evrópubandalaganna Skjal/Yfirlit yfir útgjöld neytenda/822 (UNECE/Eurostat DOC/CES/822)).

Útblásturshreinsibúnaður er viðbótartæknibúnaður til nota í tengslum við umhverfiseftirlit. Þessi búnaður vinnur óháð framleiðsluáðstöðunni eða sem sérhlutar sem bætt er við hana og meðhöndlar mengun sem þegar hefur átt sér stað, kemur í veg fyrir losun eða útbreiðslu mengunarefna eða mælir stig mengunar (eftirlit). Fjárfestingin er reiknuð á innkaupsverði eða á framleiðslukostnaðarverði búnaðarins, að meðtöldum kostnaði við hönnun og uppsetningu. Kaup á nauðsynlegri lóð fyrir uppsetningu hans eru einnig innifalin. Undanskilin eru útgjöld sem miða fyrst og fremst að því að tryggja öryggi og hollustuhætti á vinnustaðnum sjálfum.

Slíkar fjárfestingar eiga sér stað í starfsemi sem miðar að því að minnka, koma í veg fyrir eða meðhöndla úrgang og skolp, koma í veg fyrir og útrýma eða minnka losun út í andrúmsloftið, meðhöndla eða farga menguðum jarðvegi og grunnvatni, koma í veg fyrir eða minnka hávaða og titring, vernda vistkerfi og landslag, jafnframt því að haft er eftirlit með gæðum umhverfissviða og úrgangs.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki skráð í efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram í efnahagsreikningi eða í skýringum með ársreikningi. Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna er ininifalin en hún er ekki aðgreind í skránni yfir efnislegar eignir undir *fastafjármunum – rekstrarfjármunum* í ársreikningum fyrirtækja. Ráðgjafanefndin um bókhald fyrirtækja hefur lagt til að þessar upplýsingar verði birtar.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum* (15 11 0).

Kóði: **22 11 0**

Heiti: **Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss**

Skilgreining

Rannsóknir og þróunarstarf taka til skapandi starfs sem sinnt er kerfisbundið í því skyni að auka þekkingu, þar með talda þekkingu á manningum, menningunni og þjóðfélaginu, og að finna nýja möguleika á að nýta þessa þekkingu.

Innanhússútgjöld eru öll útgjöld vegna rannsókna og þróunar sem fram fara innan einingarinnar, án tillits til þess hver fjármagnar þær.

Aðgreina ber útgjöld vegna rannsókna og þróunar frá útgjöldum vegna margvíslegrar skyldrar starfsemi. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar taka því ekki til:

- útgjalda vegna menntunar og þjálfunar,
- útgjalda vegna annarrar vísindalegrar og tæknilegrar starfsemi (svo sem upplýsingaþjónustu, prófana og stöðlunar, hagkvæmnisathugana o.s.frv.),
- útgjalda vegna annarrar atvinnustarfsemi (svo sem atvinnunýjunga sem ekki er gerð grein fyrir annars staðar),
- útgjöld vegna starfsemi sem er eingöngu fjárhagslegs eðlis (tekur til annarrar stjórnsýslustarfsemi eða annarrar óbeinnar stoðstarfsemi).

Innanhússútgjöld eru metin á framleiðsluverði og taka til alls rekstrarkostnaðar, að meðtöldum launakostnaði og fjárfestingarútgjöldum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Útgjöld vegna rannsókna og þróunar má, allt eftir innlendum lögum, skrá undir einhverjum þriggja eftirtalinnna liða: breytingu á óefnislegum fjármunum, breytingu á efnislegum fjármunum eða rekstrargjöldum.

Ef kveðið er á um í innlendum lögum að útgjöldin megi færa í heild sinni eða að hluta til eignar heyra útgjöldin undir breytingar á óefnislegum eignum og eru færð í ársreikning fyrirtækis undir *fastafjármuni – óefnislegar eignir – rannsókn- og þróunarkostnað*.

Ef kveðið er á um í innlendum lögum að útgjöldin séu aðeins færð til eignar að hluta eða alls ekki heyra þessi rekstrarútgjöld undir *hráefni og hjálparefni, önnur ytri gjöld, kostnað vegna starfsfólks og önnur rekstrargjöld* og fjárfestingarútgjöldin heyra undir breytingar á efnislegum fjármunum, sem eru færðar í ársreikning fyrirtækis undir *fastafjármuni – efnislegar eignir*.

Kóði: **22 12 0**

Heiti: **Heildarfjöldi starfsmanna er vinna að rannsóknum og þróun**

Skilgreining

Rannsóknir og þróunarstarf taka til skapandi starfs sem sinnt er kerfisbundið í því skyni að auka þekkingu, þar með talda þekkingu á manningu, menningunni og þjóðfélaginu, og finna nýja möguleika á að nýta þessa þekkingu.

Telja ber með alla einstaklinga sem starfa beint við rannsóknir og þróun, auk þeirra sem láta í té beina þjónustu, svo sem yfirmenn, stjórnendur og skrifstofufólk á rannsókn- og þróunarsviði. Fólk sem lætur í té óbeina þjónustu, svo sem starfsfólk mótuneytis og öryggisverðir, er undanskilið enda þótt laun þeirra séu liður í heildarútgjöldum.

Starfsmenn sem vinna að rannsóknum og þróun ber að aðgreina frá starfsfólki í fjölmörgum skyldum greinum. Eftirtaldir teljast því ekki til starfsmanna er vinna að rannsóknum og þróun:

- starfsmenn sem vinna við menntun og þjálfun,
- starfsmenn sem vinna við aðra vísindalega og tæknilega starfsemi (svo sem upplýsingaþjónustu, prófanir og stöðlun, hagkvæmnisathuganir o.s.frv.),
- starfsmenn sem vinna við aðra atvinnustarfsemi (svo sem atvinnunýjungar sem ekki er gerð grein fyrir annars staðar)
- stjórnendur og þeir sem sinna annarri óbeinni hliðarstarfsemi.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Heildarfjöldi starfsmanna er vinna að rannsóknum og þróun má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hann er hluti af fjölda starfsmanna, sem er skráður í skýringar með ársreikningi (8. mgr. 43. gr.).

Tenging við aðrar breytur

Hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0)

Kóði: **23 11 0**

Heiti: **Greiðslur til undirverktaka**

Skilgreining (fyrir atvinnugreinabálka C til E í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.)

Greiðslur til undirverktaka eru greiðslur sem einingin innir af hendi til þriðju aðila í skiptum fyrir iðnaðarvörur og þjónustu, sem látin er í té á grundvelli undirverktakatengsla, sem skilgreind eru á eftirfarandi hátt:

Undirverktakatengsl eru á milli tveggja fyrirtækja þegar skilyrðum A og B er fullnægt samtímis:

- A. Viðskiptamannafyrirtækið, einnig nefnt *aðalverktaki*, tekur þátt í gerð vörunnar með því að láta *birgðafyrirtækinu*, einnig nefnt *undirverktaki*, í té, þótt aðeins sé að hluta, tækniforskriftir og/eða þau efni sem vinna á;
- B. Viðskiptamannafyrirtækið selur vöruna sem undirverktaki framleiðir, annaðhvort eina sér eða sem hluta af flóknari vöru, og tekur á sig ábyrgð á vörunni eftir að hún hefur verið seld.

Ath.: Það að kveðið er á um lit, stærð eða póstlistanúmer felur ekki í sér tækniforskrift. Framleiðsla sérhannaðra vara þarf ekki að fela í sér undirverktakatengsl.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Greiðslur til undirverktaka eru ekki endilega teknar fyrir sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Þær geta verið innifaldar í *öðrum ytri gjöldum* og *öðrum rekstrarkostnaði*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: **25 11 1**

Heiti: **Hundraðshluti veltu eftir hópum viðskiptavina: smásalar**

Skilgreining

Hluti veltu heildsölu fyrirtækja (deild 51 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) af viðskiptum við smásala. Þetta hlutfall svarar til hefðbundinnar skiptingar kerfisins framleiðandi → heildsali → smásali → neytandi. Athugið að hlutfallið er reiknað á grundvelli veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu. (18 13 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytuna hundraðshluti veltu af viðskiptum við smásala má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af hreinni veltu.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *veltu* (12 11 0)

Hluti af veltu af *viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0)

Ath.: Þessi breyta, ásamt (25 11 2), viðskiptamönnum í atvinnulífinu, og (25 11 3), neytendum, mynda nákvæma sundurliðun *veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0).

Kóði: **25 11 2**

Heiti: **Hundraðshluti veltu eftir hópum viðskiptavina: viðskiptamenn í atvinnulífinu (heildsalar, aðrir)**

Skilgreining

Hluti veltu heildsölu fyrirtækja (deild 51 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) af viðskiptum við viðskiptamenn í atvinnulífinu (fyrirtæki, stofnanir, ríkisstofnanir o.s.frv.) og heildsala. Sala til smásala og neytenda er undanskilin. Heildsalar geta myndað flókið dreifikerfi þar sem um er að ræða nokkra heildsala áður en kemur að neytendum.

Athugið að hlutfall veltu er reiknað á grundvelli veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu (18 13 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytuna hundraðshluti veltu eftir hópum viðskiptavina: viðskiptamenn í atvinnulífinu má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *veltu* (12 11 0)

Hluti af veltu af *viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0)

Ath.: Þessi breyta, ásamt (25 11 1), *smásölum*, og (25 11 3), *neytendum*, myndar nákvæma sundurliðun *veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0).

Kóði: **25 11 3**

Heiti: **Hundraðshluti veltu eftir hópum viðskiptavina: neytendur**

Skilgreining

Hluti veltu heildsölu fyrirtækja (deild 51 í Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) af viðskiptum við neytendur. Þetta jafngildir því að heildsalar stundi smásölu sem aukastarfsemi.

Athugið að hlutfall veltu er reiknað á grundvelli veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu (18 13 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytuna hundraðshluti veltu eftir hópum viðskiptavina: neytendur má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hreinni veltu*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *veltu* (12 11 0)

Hluti af veltu af *viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0)

Ath.: Þessi breyta, ásamt (25 11 1), *smásölum*, og (25 11 2), viðskiptamönnum í atvinnulífinu, myndar nákvæma sundurliðun *veltu af viðskiptum vegna kaupa og endursölu* (18 13 0).

Kóði: **25 21 1**

Heiti: **Hundraðshluti kaupa eftir birgjum: heildsalar, innkaupahringir**

Skilgreining

Þessi breyta lýsir birgjaneti smásöluverslunar auk þess sem smásalinn leggur með henni mat á það hversu stór hluti af beinum innkaupum hans kemur frá heildsölum og innkaupahringjum.

Athugið að hlutfall kaupanna er reiknað á grundvelli kaupa á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytuna hundraðshluti kaupa eftir birgjum: heildsala, innkaupahringi má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hráefnum og hjálparefnum, öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *heildarkaupum á vörum og þjónustu* (13 11 0)

Hluti af *vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi* (13 12 0).

Athugið að vera kann að hundraðshluti kaupa eftir birgjum: heildsalar, innkaupahringir (25 21 1) og hundraðshluti kaupa eftir birgjum: framleiðendur (25 21 2) svari ekki til heildarkaupum á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0). Fyrri breyturnar tvær taka til dæmis ekki til kaupa af smásölum og kaupa á notuðum vörum af viðskiptamönnum í atvinnulífinu/einkaaðilum.

Kóði: **25 21 2**

Heiti: **Hundraðshluti kaupa eftir birgjum: framleiðendur**

Skilgreining

Þessi breyta lýsir, líkt og 25 21 1, birgjaneti smásöluverslunar. Smásali leggur með henni mat á það hversu stór hluti af beinum innkaupum hans kemur frá framleiðendum.

Athugið að hlutfall kaupanna er reiknað á grundvelli kaupa á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Breytuna hundraðshluti kaupa eftir birgjum: framleiðendur má ekki tilgreina sérstaklega í ársreikningum fyrirtækja. Hún er hluti af *hráefnum og hjálparefnum, öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrargjöldum*.

Tenging við aðrar breytur

Hluti af *heildarkaupum á vörum og þjónustu* (13 11 0)

Hluti af vörum og þjónustu sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0).

Athugið að vera kann að hundraðshluti kaupa eftir birgjum: heildsalar, innkaupahringir (25 21 1) og hundraðshluti kaupa eftir birgjum: framleiðendur (25 21 2) svari ekki til *heildarkaupa* á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0). Fyrri breytur tvær taka til dæmis ekki til kaupa af smásölum og kaupa á notuðum vörum af viðskiptamönnum í atvinnulífínu/einkaaðilum.
